

ÍSOR - Íslenskar Orkurannsóknir  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Mývatnssveit 27. júlí 2016  
UST201607-092/D.Ö.H.  
09.08.02

**Efni: Akstur utan vega vegna vinnu við rannsóknir.**

Magnús Á. Sigurgeirsson hefur, f.h. Íslenskra Orkurannsókna (ÍSOR), óskaði eftir leyfi, með bréfi d.s. 13.7.2016, til aksturs utan vega á miðhálendi Íslands vegna vinnu við jarðfræðikort af austurgosbelti Íslands.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er bannað að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Í 2. mgr. 31, gr. kemur fram að heimilt sé að aka utan vega, m.a. vegna rannsókna, ef nauðsyn krefur og ekki hljótast af því náttúruspjöll. Heimildin er háð því að ekki sé unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt.

Í ljósi þess að um er að ræða akstur utan vega vegna rannsókna telur Umhverfisstofnun aksturinn ekki háðan leyfi stofnunarinnar, enda verður þess gætt að ekki hljótist af akstrinum náttúruspjöll.

Umsækjendum er bent á 5. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga þar sem segir:

*Í þeim tilvikum sem heimild er til aksturs utan vega er ökumanni skyld að gæta sérstakrar varkárni og forðast að valda náttúruspjöllum. Þeim sem nýta slíka heimild, öðrum en bændum, er skyld að halda skrá um akstur sinn utan vega og veita Umhverfisstofnun aðgang að þeirri skrá þegar óskað er.*

Davíð Örvar Hansson  
Davíð Örvar Hansson  
Sérfræðingur